



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík 13. ágúst 2018

1808013SA VÓHS  
Málalykill: 00.64

**Efni: Umsögn við drög að reglum um úthlutun styrkja og framlaga sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar**

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur sett á samráðsgátt Stjórnarráðsins til umsagnar, drög að reglum um úthlutun styrkja og framlaga sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar.

Um er að ræða nýjar reglur um úthlutun ráðherra á styrkjum og framlögum sem veitt eru til verkefna á grundvelli byggðaáætlunar 2018-2024. Reglurnar eru í samræmi við ákvæði 5. gr. reglugerðar fjármálaráðherra um styrkveitingu ráðherra, nr. 642/2018, sem kallar á skriflegar, skýrar, hlutlægar og opinberar úthlutunarreglur. Þá styðja þær einnig við þá framkvæmd við úthlutun styrkja sem fram kemur í ákvæði 42. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015 að gætt sé að jafnræði, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða.

Reglurnar kveða á um að ráðherra gefi árlega út yfirlit yfir skiptingu fjárheimilda til byggðaáætlunar og annarra byggðatengdra verkefna í annars vegar skuldbundin (föst) fjárframlög og hins vegar verkefni þar sem auglýst er eftir umsóknum frá styrkhæfum aðilum.

Sambandið telur sérstaklega jákvætt að Byggðastofnun annist umsýslu styrkumsókna fyrir hönd ráðuneytisins. Sambandið telur þó ýmsum spurningum vera ósvarað hvað varðar þriggja manna valnefnd ráðherra sem gerir tillögur um veitingu styrkja og framlaga til verkefna. Mikilvægt er að viðkomandi aðilar hafi þekkingu á aðstæðum kringum landið, áætlanagerð og verkefnastjórnun. Því kæmu hér fulltrúar sveitarfélaga, landshlutasamtaka og atvinnulífsins vel til álita, enda sé markmiðið að efla samkeppnishæfni landsins í heild sinni.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

  
Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri